



Reykjavík, 18. maí 2020

Brot Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja gegn 37. gr. laga nr. 129/1997

Í kjölfar fyrirspurnar frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) bárust upplýsingar frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja 30. mars 2020 þess efnis að eignir lífeyrissjóðsins sem ekki eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði hefðu 23. mars 2020 farið yfir lögbundið hámark fjárfestingarheimilda, sbr. 3. mgr. 36. gr. b. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tilkynning lífeyrissjóðsins skv. 37. gr. laga nr. 129/1997 barst eftirlitinu 6. apríl 2020.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 129/1997, skal lífeyrissjóður tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um að fjárfesting lífeyrissjóðs hafi farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögunum og skal þegar gera ráðstafanir til úrbóta. Lögmæltu hámarki skal náð í síðasta lagi innan þriggja mánaða.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja hafi brotið gegn 37. gr. laga nr. 129/1997 með því að hafa ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu strax og lífeyrissjóðnum varð ljóst að eignir hafi farið yfir lögbundið hámark fjárfestingarheimilda sbr. 3. mgr. 36. gr. b. laga nr. 129/1997.

Lífeyrissjóðurinn greip til ráðstafana og var kominn innan heimilda 31. mars 2020.